

Starfsleyfi fyrir flugeldasýningu 2021-2024

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur mótttekið umsókn frá Björgunarsveitinni Gerpir dags. 13.11.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi vegna flugeldasýninga sem haldnar eru árlega á áramótum í Neskaupstað.

Starfsemin er starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annara laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfishafi:	Björgunarsveitin Gerpir, kt. 550579-0499
Staðsetning:	Hafnarsvæði Norðfjarðarhafnar
Varastaðsetning:	Snjóflóðavarnagarðar ofan Neskaupstaðar
Tímasetning:	Seinnipart gamlársdag
Varatímasetning:	Seinnipart nýársdag

1. Gildis- og ábyrgðarsvið

- 1.1 Leyfið tekur til flugeldasýninga árin 2021 til 2024 að báðum árum meðtöldum. Leyfið veitir heimild til einnar flugeldasýningar ár hvert.
- 1.2 Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.
- 1.3 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

2. Skilyrði

- 2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi lögreglufirvalda fyrir sýningunni.
- 2.2 Skylt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- 2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

15. desember 2021
F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

15. desember 2021

Björgunarsveitin Gerpir
-Hlynur Sveinsson-
Nesgata 4
740 Neskaupstað

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Björgunarsveitina Gerpir, 740 Neskaupstað

Umsókn um starfsleyfi fyrir flugeldasýningar sem haldnar eru árlega á áramótum í Neskaupstað barst þann 13. nóvember 2021. Umsækjandi er Björgunarsveitin Gerpir, kt. 550579-0499.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 16. nóvember sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 14. desember 2021.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests. Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svankjörsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.